



Fréttir Marz 2012

Gott aðgengi, auðmýkt, áreiðanleiki og sérfræðiþekking.

CAD ehf ætlar sér að verða fyrirtækið sem leggur áherzlu á að það sé viðskiptavininum góð reynsla að skipta við okkur. Þú átt að skynja að okkur er annað um þig og að við tökum þörfum þínum og væntingum til okkar af alvöru. Framtíðarmarkmið okkar er að 55 af hundruði viðskiptavina okkar séu sendiherrar fyrirtækisins og við könnum fjórum sinnum á ári hvort okkur takist að ná því. Það er gert með könnun í samstarfi við **Autodesk** hjá tilviljanakenndu úrtaki viðskiptavina okkar. Könnunin er einföld.

Við biðjum um að þessari spurningu sé svarað:

"Hve líklegt er að þú mælir með því að söluaðili þinn **CAD ehf** selji vörur og þjónustu Autodesk?"

Ef svar þitt er á bilinu 0 til 6, mælir þú ekki með okkur. Þá fáum við tilkynningu frá Autodesk og við hringjum í þig til að fá góð ráð um hvernig við bætum okkur þannig að þú verðir sendiherra okkar til lengri tíma litið.

Ef svar þitt er á bilinu 7 til 8, ertu hlutlaus og ekki alveg viss. Ef svar þitt er á bilinu 9 til 10, ertu sendiherra en að því stefnum við hjá **CAD ehf**. Við hvetjum þig til að svara og enginn vafi leikur á því að svar þitt er tekið alvarlega.

Við erum auðmjúkir gagnvart væntingum viðskiptavina, við stöndum við að afhenda það sem við lofum og sérfræðingar okkar leggja mikið af mörkum.

Skoraðu á okkur - og það mun sýna sig að við tökum gildishugtak okkar alvarlega.

AutoCAD 2013:

2008	2009	2010	2011	2012	2013
Productivity - Annotation Scaling - Multiple Leaders	Usability - Updated UI - 3D Navigation Tools	3D Design - Free-Form Design - Parametric Drawing	Conceptual Design - Surface Modeling - Documentation Productivity	Design & Documentation - Model Documentation - Associative Array	Connected Design - Cloud-Enabled Services - Model Aggregation

© 2012 Autodesk, Inc. **AutoCAD** Autodesk

Þá er aftur komið að því. Þann 27. Marz var tilkynnt um nýju útgáfunar hjá Autodesk og hér verður stuttlega farið í gegnum nýjungum í AutoCAD. Fljótlega mun ég fara í gegnum nýjungum í Inventor og

fleiri forrit.

Suites pakkana eru væntanlegir þ. 12. April

AutoCAD 2013


Notendaviðmót **AutoCAD 2013** er svipað fyrri útgáfum, með nokkrum nýjum möguleikum eins og fljótandi skipanalínu og fleiri táknum í kerfisbakka og vallista.

Aðlögun

Notendaviðmót **AutoCAD 2013** er mjög líkt fyrri útgáfu: Breiðsniðið UI (User Interface) nýtir sístækkandi borðaflöt efst, stýriþættir eru hægra megin og bætt skipanalína, stöðubakki og flýtljár. Snarskoðunarteiknihflipar (Quick View) sýna nú sérstakt útlit, svo betur megi fylgjast með ýmsum verkum sem eru opin, jafnvel mörgum gerðum af sama DWG-skjalinu. Enn fleira er í gangi í efra horninu hægra megin fyrir Cloud, Exchange, forritsuppfærslur og hjálp. Flestir notendur geta unnið í nýja UI með mjög litlum breytingum

Gamalt er nýtt

Við ræsingu samstæðar **Autodesk Exchange** skjáinn hjálp og önnur notandaúrræði, sem minnir á AutoCAD Today skjáinn sem sást við ræsingu á AutoCAD 2002.




Autodesk Exchange tekur nú á móti notandanum með nýjustu skjölum og stoðgögnum við ræsingu.

Hjálp:


Eftir að hjálparskrár AutoCAD 2012 voru settar á netið, fóru margir notendur og tölvudeildir þeirra fram á leið til að keyra hjálparbeiðnir frá vél notanda eins og í fyrri útgáfum. **AutoCAD 2013** hefur nú sækjanlegar hjálparskrár fyrir staðbundna vistun ásamt miklu hraðvirkara leitarhjálparkeri til að lágmarka netbiðtíma.

Skipanalína:

Í undanföllum útgáfum virðist Autodesk hafa reynt að útrýma hinn kunnuglegu skipanalínu AutoCAD í staðinn fyrir hægrismell og borða. Reyndir notendur sem hafa vanist innslætti á stuttskipunum (L fyrir línu) hafa séð skipanaviðmótið minnka - en þessari hneigð er snúið við í **AutoCAD 2013**. Skipanareiturinn er nú gegnsær og hægt að draga hann til og sérsníða hann með valkvæðum ferliham, leturgerðum, skipanalokum og músarvöldum skipanamöguleikum (eins og TTR-valkosturinn í Circle-skipuninni eða On/Off í Layer). Vanir notendur skipanalínunnar geta nú valið um innsláttarleið í þessari útgáfu.



Smellið á nýja lykiltáknið (vinstri) í **AutoCAD 2013** til að sérsníða skipanalínuna og smellanlegu tenglana hyperlinks (3P/2P/Ttr) fyrir skipanavalkosti.




Skjalasnið og breytingar.

Þegar þið hafið opnað teikningu í **AutoCAD 2013** og vistað hana, takið þið kannski eftir því að ekki er lengur hægt að opna hana í eldri útgáfum AutoCAD vegna uppfærslu á skjalasniði. Þetta þýðir að ef þið viljið vinna við AutoCAD 2013 skjal í eldri útgáfu af AutoCAD, verður fyrst að vista skjalið í því sniði. Góðu fréttirnar eru að þetta breytingaferli er eins og áður. Eini gallinn er að eftir margar útgáfur þar sem DWG-sniðið var ekki til vansa, þarf nú aftur að eiga við það.

Breytingar eru eins og í fyrri útgáfum, með nokkrum nýjum möguleikum sem hér verður lýst:


In-canvas breytingar.

Nú sjást eiginleikar breytast á skjánum um leið og breytingar verða á lögum, litum, sýnistílum eða öðrum breytum sem venjulega myndu bara sjást að lokinni skipun.




Raðabreytingar (Array):

Enn er áherslan á bættri raðavirkni sem kynnt var í AutoCAD 2012 en Autodesk hefur bætt við ítarlegri breytustýringu í 3D og rásaraðabáttum, bæði á skjá og í borðum, og því er auðveldara að



forskoða flóknar raðir á skjánum.

Þrívíddarlínuraðir, svo sem þessir ljósastaurar, er hægt að keyra ásamt 3D fjöllínum (polylines) með kunnuglegum deilingar- og mælingaaðferðum ásamt forskoðun.



Í uppfærslunni eru meðal annars bætt líkanagögn, möguleikar á athugasemdum og netlægir möguleikar.

Hatch breytingar.

Nú er hægt að breyta mörgum hatch-hlutum samtímis, og breyta eiginleikum margra eininga. Stærri hatch-breytingaborði ræsist nú sjálfkrafa við val á Hatch.

Jöfnunarforskoðun (Offset preview).

Gamla jöfnunarskipunin hefur verið færð upp í forskoðunarstýringu til að skýra hliðar á jöfnun og fjarlægð.

Smella og toga (Press Pull)

Í vinnslu með 3D mót sem hefur verið pressuð eða er yfirborðssniðin, sýnir Smella/toga stýringin betur lögubreytingar eins og minnkun, svo að mótið breytist eins og vænta má.

Xref og point cloud skjöl.

Xref skipunin styður nú breytingar á vistaðri slóð beint í viðhengisreitinn. Einnig er hægt að flytja inn og safna netpunktum og netstuðningur hefur verið bættur.

Líkanagögn fyrir MCAD

Mikil breyting á **AutoCAD 2013** felst í möguleikanum að vinna með módel sem eru búin til í forritum eins og Autodesk Inventor, CATIA, eða SolidWorks. Fyrir þá sem þurfa að gera lokagögnin í DWG-sniði, er mikill sparnaður fólgin í því að flytja inn flókna vélræna samsetningu án þess að eiga dýrt MCAD-kerfi. Eftir innflutning er auðvelt að búa til ólíkar sýnihami (views), upplýsingar og hluta án falinna lína eða skugga.

Í **AutoCAD 2013** er einfalt að búa til sýnir, upplýsingar og hluta af líkönum sem flutt eru inn frá Autodesk Inventor og öðrum MCAD forritum.

Nú er líka hægt að vista fjöllaga framsetningu (MultiView) á flókinni samsetningu í eina heildstæða DWG-skrá gegnum Export Layout í Model. Hægt er að meðhöndla margar sýnir (views) sem eina skrá og flytja út gegnum DXF eða rastasnið. AutoCAD notendur í framleiðslugeiranum munu fagna þessum nýja möguleika. (Velta má fyrir sér hvort getan til að vinna með öðrum ólíkum kerfum, eins og Autodesk Revit, verði í framtíðarútgáfum).

Athugasemdir (Annotations)

Við verðum enn að láta athugasemdir fylgja teikningum og vinnu. Athugasemdantökn er auðveldari núna með nýjum yfirstrikuðum leturgerðum, fleiri leturgerðum (í fellilistum) teikniraðarstýringu sem er sniðin að athugasemdum (frekar en að lagi eða hlut). Og mitt uppáhald er að geta ekki séð útmáða ramma á teikningu án þess að plotta þá hefur loksins verið lagað með því að gera ú

Cloud:

Eins og áður var nefnt get ég enn ekki upplýst nokkra grunnþætti AutoCAD-stuðnings fyrir



netvistunarstillingu og veitingu.

Þessir möguleikar breyta því hvernig við stjórnum hugbúnaði okkar og veitingu á verkflæðum og þurfa að vera öllum CAD-stjórum vel kunnugir. Ég veiti nánari upplýsingar um þá við fyrsta tækifæri.



Samantekt

Á grundvelli þess sem við höfum séð er ljóst að **AutoCAD 2013** heldur áfram á sömu línu og AutoCAD 2012 sem öflugra 3D-breytingatæki sem styður betur vélrænar CAD-skrár og auðveldar breytingar á yfirborði (geometry) og athugasemdaþættir (annotative elements) gera **AutoCAD 2013** að afkastameira tæki hvort sem unnið er í 2D eða 3D. Netsambætting (cloud integration) verður fyrsta atlagan í netvistunarstríði CAD og því er **AutoCAD 2013 spennandi**.

[Forward email](#)



This email was sent to finnurp@cad.is by finnurp@cad.is | [Update Profile/Email Address](#) | Instant removal with [SafeUnsubscribe™](#) | [Privacy Policy](#).

CAD ehf | Skulagata 10 | Reykjavík | IS-101 | Iceland

